



Fundargerð Aðalfundar Landsambands heilbrigðisstofnana (LH)

Fundarstaður: Hotel Natura, Reykjavík

13. nóvember 2015 klukkan 13:00 – 14:00

Formaður Hildigunnur Svavarsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður fór yfir dagskrá aðalfundar og dagskrá málþings sem haldið var eftir aðalfund. Efni málþings er um aðgengi að rafrænum sjúkraskrárgögnum og heilsufarsupplýsingum, þá fór formaður yfir tilgang félagsins.

Aðrir dagskrárliðir :

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Oddur Steinarsson var tilnefndur fundarstjóri og Eydís Ósk Sigurðardóttur fundarritari Fundarstjóri boðar fund löglegan án athugasemda.

2. Skýrsla formanns og stjórnar

Hildigunnur Svavarsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar frá síðasta aðalfundi, haldnir hafa verið 4 stjórnarfundir á tímabilinu. Þar kom fram að hlutverk stjórnar sé að efla eigi samstarf, standa vörð um hagsmuni og vera í forsvari fyrir stofnanir eftir því sem við á og lög heimila. Stjórn hefur lagt sig fram um að efla upplýsinga- og fræðslustarfsemi fyrir meðlimi sambandsins, en líttími hefur verið til að sinna öðrum mikilvægum hlutverkum. Óskað er eftir hugmyndum hvernig best væri að haga þeirri vinnu. Formaður lagði áherslu á hve mikilvægt væri að láta rödd þessa hóps heyrast sem víðar. Næsti vorfundur verður haldinn í Reykjanesbæ dagana 14- 15. apríl 2015 og voru félagsmenn hvattir til að taka daginn frá.

3. Reikningar

Elís Reynarsson lagði fram reikninga til afgreiðslu. Fram kom í máli hans að árgjöld hafa lækkað milli ára og tvær stofnanir hafa dottið út. Stjórn leggur til að árgjald verði óbreytt á næsta starfsári. Ársreikningur var samþykktur samhljóða. Tillagan um árgjald var samþykkt samhljóða. Fjárhagsáætlun var lögð fram og einnig samþykkt samhljóða.

4. Engar tillögur um lagabreytingar bárust fundinum

5. Kosning formanns

Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar/ bráða- fræðslu og gæðasviðs á Sjúkrahúsinu á Akureyri gaf kost á sér til eins árs og fundurinn samþykkti það með öfluglu lófaklappi.



6. Kosning stjórnar

Jón Hilmar Friðriksson gengur úr stjórn og Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri á LSH gefur kost á sér til setu í stjórn. Fundurinn samþykkti það samhljóma. Pétur Magnússon gefur kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og fundurinn samþykkti það samhljóma.

Aðalfulltrúar í stjórn:

- Hildigunnur Svavarsdóttir, formaður
- Pétur Magnússon
- Elís Reynarsson
- Nína Hrönn Gunnarsdóttir
- Lilja Stefánsdóttir

Varafulltrúar eru:

- Oddur Steinarsson
- Eydís Ósk Sigurðardóttir
- Rósa Marinósdóttir

7. Skoðunarmenn voru Árni Sverrisson og Þröstur Óskarsson. Árni Sverrisson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu en Þröstur gerir það. Nýr skoðunarmaður var kjörinn þ.e. Helgi Kristjónsson.
8. Fundinum barst ályktun varðandi kostnað vegna bókana í kjarasamningum lækna en þar er skorað á fjármála- og efnahagsráðuneytið að tryggja að heilbrigðisstofnunum verði að fullu bættur allur kostnaður sem hlýst af kjarasamningi Læknafélags Íslands (LÍ), Skurðlæknafélags Íslands (SkÍ) og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna ársins 2015. Fundurinn vildi breyta aðeins orðalagi og var þriggja manna hópur tilnefndur (Pétur Heimisson, Sigurður E. Sigurðsson og Páll Matthíasson) til að laga ályktunina og senda til stjórnar sem mun svo koma ályktuninni til velferðarráðherra, fjármálaráðherra, velferðanefndar og alþingismanna

Önnur mál:

Rætt var um hvort fundarmönnum litist vel á að taka upp fundina á aðalfundi og málþingum og með þeim hætti þjónusta sem flesta og styrkja hlutverk sambandsins. Þannig má nálgast efnið eftir á og og upptakan verður með samþykki fyrirlesara. Ákveðið var að hafa þennan háttinn á fyrir vorfundinn í Reykjanessbæ 14- 15. Apríl 2016.

Fundarseta á fundum LH var rædd. Kom sú umræða fram að aðallega framkvæmdastjórnir sitja þessa fundi en það væri á valdi framkvæmdastjórna og fulltrúa þeirra að ákveða hvort aðrir s.s. mannauðsstjórar sitji fundina líka (sú þeir ekki í framkvæmdastjórn).